Reykjavík 5. febrúar 2016

Kæru móttakendur, þingmenn, samherjar og samstarfsaðilar

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis) - 145. löggjafarþing 2015–2016. Þingskjal 13 - 13. mál.

Barnahreyfing IOGT á Íslandi tekur skýra afstöðu gegn frumvarpi um frjálsa sölu áfengis og óskar eftir því að þingmenn, samtök, félög og hreyfingar sem vinna með einum eða öðrum hætti að hagsmunum barna og ungmenna geri slíkt hið sama. Það er stefna okkar að vernda hag barna gegn óæskilegum utanaðkomandi áhrifum sem gætu haft áhrif á líf þeirra.

Við minnum á að samkvæmt 3. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem nú er hluti af íslenskum lögum, ber þér að setja hagsmuni barna í forgang þegar tekar eru ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með einum eða öðrum hætti. Hagsmunir barna af því að njóta verndar gegn skaðlegum áhrifum áfengis eiga því að vega þyngra en hugsanlegir hagsmunir fullorðinna af því að geta keypt áfengi í almennum verslunum. Má í því sambandi einnig benda á að íslenska ríkinu er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði löggjafar, til þess að vernda börn gegn skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna, sbr. meðal annars 33. gr. Barnasáttmálans.

Með kveðju

Sigurbjörg Helga Sigurgeirsdóttir

Formaður Barnahreyfingar IOGT á Íslandi

Brautarholti 4a, 105 Reykjavík

www.aeskan.is aeskan@iogt.is 511-1021